

ÚRSKURÐUR NR. 5/2011.

Kærð var ákvörðun Tollstjóra um innheimtu á virðisaukaskatti af sendingu sem kom til landsins í pósti. Kærandi krefst þess að ákvörðun Tollstjóra verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti ákvörðun Tollstjóra.

Með bréfi sem barst ríkistollanefnd 5. október s.l. kærir A., úrskurð Tollstjóra nr. 15/2011. Í nefndum úrskurði er staðfest ákvörðun um innheimtu virðisaukaskatts af innflutningi vöru sem flutt var inn í tollpósti. Við tollafgreiðslu vörunnar var lagður á virðisaukaskattur en álagningarstofninn var tollverð sem tók mið af reikningsverði og virðisaukaskatti sem innheimtur hafði verið í innkaupslandinu. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi þar sem virðisaukaskattur hafi verið innheimtur af vörunni í Þýskalandi, þar sem hún var keypt.

I

Í hinum kærða úrskurði segir m.a. að sendingin hafi borist hingað til lands í póstsendingu nr. CC182373945SE er geymd í heyrnartól og bækling. Upphaflega hafi pakkinn verið sendur frá Þýskalandi til Svíþjóðar og þaðan hafi hann verið sendur hingað til lands. Tilskilin gjöld hafi verið lögð á vöruna við tollafgreiðslu hennar hér á landi.

Í úrskurðinum kemur fram að kærandi telji að um ólögsmæta álagningu virðisaukaskatts sé að ræða þar sem virðisaukaskattur hafi verið innheimtur í tvígang af tilgreindri sendingu. Virðisaukaskattur hafi verið lagður á vöruna í Þýskalandi og því sé um ólögsmæta tvísköttun að ræða þegar greiða þurfti virðisaukaskatt af vörunni við innflutning hingað til lands. Þá telur kærandi að þessi málsmeðferð samræmist ekki reglum EES – samningsins.

Í niðurstöðu úrskurðar síns tekur Tollstjóri fram að samkvæmt meginreglu tollalaga nr. 88/2005 hvíli almenn tollskylda á hverjum þeim, sem flytur inn vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla, sbr. 3. gr. tolllaga. Innheimta beri virðisaukaskatt af öllum innflutningi með aðflutningsgjöldum. Ákvæði tollalaga, auk reglugerða settum skv. þeim lögum, gildi um álagningu virðisaukaskatts við innflutning að því leyti sem eigi er kveðið í lögum um virðisaukaskatt nr. 59/1988, sbr. 37. gr. virðisaukaskattslaga. Skv. 1. gr. sömu laga skuli virðisaukaskattur greiddur af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru. Samkvæmt ákvæðinu sé meginreglan sú að greiða skal virðisaukaskatt af öllum vörum. Undanþágur frá meginreglum skattalaga um gjaldskyldu beri almennt að skýra þröngt. Með vísan til ofangreinds og rótgróinnar stjórnsýslufrákvæmdar sé það mat embættis Tollstjóra að skilyrði fyrir undanþágu verði tvímælalaust að vera uppfyllt.

Síðan segir svo orðrétt:

„Virðisaukaskattur skal innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru við innflutning á vöru að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð, sbr. 34. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Álagning virðisaukaskatts byggir á tollverði sem ákvarðast af viðskiptaverði vöru eða þjónustu samkvæmt framlögðum reikningum sem fylgja vöru við innflutning hverju sinni að viðbættum aðflutningsgjöldum og öðrum kostnaðarliðum, sbr. 14. og 15. gr. tollalaga. Nefnd ákvæði ber að skýra á þann veg að erlendum virðisaukaskattur sem greiddur er af kaupanda er hluti af viðskiptaverðinu við ákvörðun tollverðs ef ekki eru lagðar fram sönnur þess að

hann hafi verið endurgreiddur. Virðisaukaskattur sem greiddur var erlendis var því hluti af viðskiptaverði vörunnar við ákvörðun tollverðs.

Ísland er þriðja land gagnvart Evrópusambandinu þegar kemur að inn- og útflutningi, auk skattamála. Með samningnum um Evrópska Efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska Efnahagssvæði var hvorki tekin upp samræmd innheimta tolla né skatta milli ESB- og EFTA- ríkjanna. Því verður ekki fallist á þau rök kæranda að umrædd álagning virðisaukaskatts sé andstæð reglum EES samningsins. Þá taka þeir tvísköttunarsamningar sem Ísland á aðild að einungs til tekju- og eignaskatts en ekki til álagningu virðisaukaskatts. Röksemdum kæranda er varðar ólögmeta tvísköttun er því hafnað.“

Þá segir í hinum kærða úrskurði að skattskyldan nái til allrar þjónustu, vara og verðmæta, nýrra og notaðra nema sérstakar undanþágur í lögum leiði til annarrar niðurstöðu, sbr. 2. gr. virðisaukaskattslaga. Undanþágur frá álagningu og innheimtu virðisaukaskatts við innflutning séu tæmandi taldar í 36. gr. laganna. Hvorki í lögum um virðisaukaskatt né í tollalögum sé að finna undanþágu eða heimild til niðurfellingar á virðisaukaskatti á innihaldi tilgreindrar póstsendingar.

Í lok úrskurðarins tekur Tollstjóri fram að í málinu sé einungis fjallað um álagningu virðisaukaskatts vegna sendingarinnar, þar sem sú álagning sé kæránleg til embættis hans, sbr. 1. mgr. 117. gr. tollalaga. Embættið taki á hinn bóginn ekki afstöðu til réttmætis tollmeðferðargjalds þess sem Íslandspóstur taki fyrir að sjá um tollafgreiðslu sendingarinnar, þar sem það sé ekki aðflutningsgjald, sbr. 1. tl. 1. gr. tollalaga.

Með vísan til alls sem að ofan hefur verið rakið úrskurðaði Tollstjóri síðan á þá lund að ekki væru fyrir hendi skilyrði niðurfellingar virðisaukaskatts af sendingu CC182373945SE og því væri kröfu kæranda hafnað.

II

Í kæru sinni til ríkistollanefndar getur kærandi þess að tilefni hennar megi í stuttu máli rekja til þeirrar ákvörðunar tollyfirvalda að leggja á og innheimta virðisaukaskatt á heyrnartól og viðgerðakver, sem hann hafði pantað til Svíþjóðar frá Þýskalandi í trausti þess „að skuldbindingar EES- samningsins næðu til Íslands“ eins og orðrétt segir í kærinni. Í kærinni gerir kærandi nokkra grein fyrir afstöðu sinni til tollframkvæmdar og samkeppni án þess að gera sérstaka grein fyrir þeim lagagrunni, sem kærán byggist á, að öðru leyti en því að lýsa því að tilgangurinn að baki tollafgreiðslu þeirri, sem ofangreind sending hafi fengið, sé á ská og skjön við tilgang EES- samningsins. Um atvik málsins segir svo orðrétt í kærinni:

„Í þessu tilfelli var ég á ferð og flugi í fimm Evrópu-löndum og gat keypt nefndar vörur í:

- íslensku eða dönsku fríhöfninni á leið til Kaupmannahafnar þann 25. maí
- eða Svíþjóð, Þýskalandi og Tékklandi þegar ég var staddur þar.

Hér bar ég mig að líkt og hin hagkvæma húsmóðir EES- svæðisins:

- Kannaði hvar hagstæðast væri að gera slík kaup
- Pantaði síðan vöruna þann 4. júní frá amazon.de til Lundar þar sem ég var staddur.
- Greiddi fyrir vöruna, vask og flutningsgjald. Varan er þá send á pósthús án þess að viðtakandi þurfi að greiða nokkur aukagjöld við viðtöku eins og tíðkast á Íslandi.

- Einhver dráttur varð á afgreiðslu pöntunarinnar því hún barst fyrst um viku eftir að ég flaug til Íslands þann 13. júní.
- Bróðir minn, búsettur í Lundi, tók við pöntuninni og bað um að hún yrði send áfram til mín á Íslandi án aukakostnaðar.
- Það gekk ekki og skrifaði hann þá á pakkann heimilisfangið á Íslandi og fyllti í eyðublað um innihald hans.
- Sendi hann hana síðan óopnaða áfram á mitt heimilisfang. Þetta viðvik kostaði litlar 4500 kr.
- Þegar þangað kom var litið á pöntunina sem hvalreka, þ.e. tekjustofn og aðflutningsgjöld lögð á hana, væntanlega vegna þess að hér giltu ekki almenn skilyrði tollfrelsis.“

Að því er varðar almennt skilyrði tollfrelsis bendir kærandi á umfjöllun þar um á heimasíðu Tollstjóra. Þá gerir hann grein fyrir því að upphaflegt verð sendingarinnar hafi liðlega tvöfaldast við tollafgreiðslu hennar, þ.e.a.s. farið úr u.þ.b. 10.000 kr. í 20.500 kr. Að lokum kveðst hann hafa haft samband við starfsmann EFTA – dómstólsins í Luxemburg og „spurði hvort Ísland tilheyrði samfélagi þjóðanna og tæki á sig kvaðir og skuldbindingar þess. Líkt og gengur og gerist með embættismenn sagðist hann ekki geta tjáð sig en gaf samt ýmislegt í skyn. En fyrst yrði að láta reyna á allar kæruleiðir á Íslandi.“ eins og orðrétt segir í kærinni. Þá telur kærandi það kyndugt að málsaðili kanni bæði og felli úrskurð í eigin máli sem „*einkennist af s.k. lagahyggju (pósitifisma), þ.e. fyrrnefnt samhengi EES- samningsins er ekkert inn í myndinni.*“ eins og orðrétt segir í kærinni.

III

Kæran var send Tollstjóra til umsagnar með bréfi, dags. 6. október sl. Umsögn Tollstjóra barst nefndinni með bréfi, dags. 31. október sl. Tollstjóri kveður ágreininginn í málinu snúa um ákvörðun um tollverð og tvísköttun vegna álagningar virðisaukaskatt hér á landi, við innflutning vöru frá Svíþjóð, en varan hafi verið flutt þangað frá Þýskalandi.

Málavöxtum er þannig lýst í stuttu máli að kærandi hafi pantað vöru frá Þýskalandi og látið senda hana á heimilisfang skyldmennis í Svíþjóð þar sem hann var gestkomandi að eigin sögn. Varan barst til Svíþjóðar eftir að kærandi kom til Íslands, en skyldmenni hans sendi vöruna þaðan til landsins. Við tollafgreiðslu vörunnar var lagður á virðisaukaskattur en álagningarstofninn var tollverð, sem tók mið af reikningsverði og virðisaukaskatti sem innheimtur hafði verið í Þýskalandi en ágreiningur snýst fyrst og fremst um það atriði. Um málavexti og staðreyndir málsins vísar Tollstjóri að öðru leyti til hins kærða úrskurðar.

Að mati Tollstjóra er ekki að finna viðbótarröksemdir af hálfu kæranda í kæru hans til ríkistollanefndar umfram það sem þegar hefur komið fram í kæru til Tollstjóra. Kærandi vísir með almennum hætti til samnings um Evrópska efnahagssvæðið og reglugerðar Evrópusambandsins um virðisaukaskatt. Embætti Tollstjóra telur ekkert hafa komið fram sem hnekki fyrri úrskurði. Síðan segir hann svo orðrétt:

„Kærandi bendir á í kæru til Ríkistollanefndar að honum hafi verið ókleyft að nýta tollfríðindi ferðamanna þar sem hann hafði sendinguna ekki meðferðis við komu til landsins, og þar með ekki um að ræða farangur sem varð viðskila á leiðinni til landsins. Tollstjóri getur ekki annað en fallist á þá túlkun, enda var varan ekki meðferðis í upphafi ferðar til landsins. Þá vísar kærandi til alþjóðlegra skuldbindinga og samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, án frekari tilgreiningar, til stuðnings þess að fram hafi farið ólögmet tvísköttun. ESB eða EES-réttur hefur ekki að geyma

nein ákvæði sem koma í veg fyrir eða mæla fyrir um bann við alþjóðlegri tvísköttun. Málið veltur á túlkun reglna um tollverð samkvæmt tollalögum nr. 88/2005 og innheimtu aðflutningsgjalda við innflutning samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Almenn tollskylda hvílir á hverjum þeim sem flytur inn vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota eða verður ábyrgur fyrir greiðslu tolla, sbr. 3. gr. tollalaga nr. 88/2005. Innheimta ber virðisaukaskatt af öllum innflutningi með aðflutningsgjöldum, sbr. 1. og 36. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Ákvæði tollalaga, auk reglugerða settum skv. þeim lögum, gilda um álagningu virðisaukaskatts við innflutning að því leyti sem eigi er kveðið á um í lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. 37. gr. laganna. Samkvæmt 1. gr. sömu laga skal virðisaukaskattur greiddur af viðskiptum innan lands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru. Samkvæmt ákvæðinu er meginreglan sú að greiða skal virðisaukaskatt af öllum vörum. Undanþágur frá meginreglum skattalaga um gjaldskyldu ber almennt að skýra þröngt. Með vísan til ofangreinds og rótgróinnar stjórnsýslufráfarvæmdar er það mat embættis Tollstjóra að skilyrði fyrir undanþágu frá álagningu aðflutningsgjalda verði tvímælalaust að vera uppfyllt.

Virðisaukaskattur skal innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru við innflutning hennar að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð, sbr. 34. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Álagning virðisaukaskatts byggir á tollverði sem ákvarðast af viðskiptaverði vöru eða þjónustu samkvæmt framlögðum reikningum sem fylgja vöru við innflutning hverju sinni að viðbættum aðflutningsgjöldum og öðrum kostnaðarliðum, sbr. 14. og 15. gr. tollalaga. Nefnd ákvæði skal skýra á þann veg að erlendur virðisaukaskattur sem greiddur er af kaupanda sé hluti af viðskiptaverði vöru við ákvörðun tollverðs ef ekki eru lagðar fram sönnur þess að hann hafi verið endurgreiddur. Um er að ræða rótgróna fráfarvæmd og hvergi hefur verið mælt fyrir um annað í lögum né alþjóðlegum skuldbindingum.

Kærandi hefur ekki vísað til tiltekinna reglna, hvorki gildandi lagareglna, né gildandi reglna tiltekinna samningsskuldbindinga sem Ísland kann að hafa skapað sér á alþjóðavettvangi, sem hnekkja ofangreindu. Tvísköttun er ekki bönnuð að þjóðarétti. Þjóðaréttur leggur einungis þá kröfu á að raunveruleg tengsl séu milli skatttekna og þess ríkis sem skattleggur þær. Tvísköttunarsamningar eru gerðir til að draga úr eða eyða tvísköttun á milli landa.

EES-réttur tekur ekki til skatta þótt ákveðin grunnsjónarmið úr ESB rétti geti átt þar við svo sem bann við mismunun við álagningu, sbr. til dæmis Hrd. 2003, 2045, íslenska ríkið gegn Herði Einarssyni, þar sem mismunandi skattprósentsstig var notað við álagningu virðisaukaskatts á innlendar og erlendar bækur en þess háttar álagning taldist ólögumæt og andstæð 14. gr. EES samningsins. Ágreiningsefnið hér er af öðrum toga. Sama gildir hvort heldur sem vara er innlend eða erlend að uppruna. Hafi verið greiddur virðisaukaskattur af vöru erlendis, er sú fjárhæð hluti af tollverði við innflutning óháð uppruna, en tollverð er gjaldstofn aðflutningsgjalda. Tollverð er skilgreint í tollalögum. Almenna reglan er að miðað sé við reikningsverð, að meðtöldum sköttum og að viðbættum flutnings- og váttryggingakostnaði, þ.e. það verð sem greitt var eða greiða bar vegna vörunnar, sbr. 14. og 15. gr. tollalaga nr. 88/2005. Það er einungis þegar sýnt er fram á að virðisaukaskattur hafi verið endurgreiddur, að vikið er frá ofangreindu.”

Til frekari stuðnings vísar Tollstjóri einnig til dóms EFTA dómstólsins í máli E-7/07 (Seabrokers). Af dómnum megi með skýrum hætti greina að EES-samningurinn leggi ekki þá skyldu á samningsaðilana að létta byrði vegna tvísköttunar innan EES-svæðisins. Þar sé einnig staðfest að samningsríkin haldi valdi sínu til að afmarka skattalögsögu sína, m.a. með gerð tvísköttunarsamninga. Engir slíkir samningar hafa verið gerðir vegna virðisaukaskatts á vöru eða þjónustu milli Íslands og annarra ríkja.

Loks bendir Tollstjóri á að Ísland sé þriðja land gagnvart Evrópusambandinu þegar kemur að inn- og útflutningi, auk skattamála. Með samningnum um Evrópska Efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska Efnahagssvæðið, hafi hvorki verið tekin upp samræmd innheimta tolla né skatta milli ESB- og EFTA- ríkjanna. Hvergi sé að finna skuldbindingar sem eiga rót sína að rekja til EES samningsins þess efnis sem kærandi heldur fram. Virðisaukaskattur sé ávallt hluti tollverðs nema í þeim undantekningartilvikum þar sem sýnt er fram á að hann hafi fengist endurgreiddur í viðkomandi landi. Í gögnum málsins er ekkert sem sýnir fram á að virðisaukaskattur hafi fengist endurgreiddur. Virðisaukaskattur sem greiddur var erlendis var því hluti af viðskiptaverði vörunnar við innflutning til Íslands. Verði því ekki fallist á þau rök kæranda að umrædd álagning virðisaukaskatts sé andstæð reglum EES samningsins eða löggjöf Evrópusambandsins. Þá taki þeir tvísköttunarsamningar sem Ísland á aðild að einungis til tekju- og eignaskatts en ekki til álagningu virðisaukaskatts. Röksemdum kæranda er varðar ólögmeta tvísköttun sé því hafnað og þess krafist að úrskurður hans nr. 15/2011 verði staðfestur.

IV

Greinargerð Tollstjóra var send kæranda með ábyrgðarbréfi þann 1. nóvember sl. og honum veittur frestur til 25. s.m. til andsvara. Í svari kæranda, sem barst nefndinni með tölvupósti þann 24. nóvember sl., getur hann þess að hann hafi óskað eftir upplýsingum frá Neytendastofu með bréfi hinn 7. nóvember sl. Í umræddu bréfi til Neytendastofu, sem bar yfirskriftina “Vegna tvöfalds vasks” segir svo m.a.:

“Ætla að biðja ykkur um að renna yfir textann í viðhengi og gefa mér svör við nokkrum spurningum og hvort ég verði að sætta mig við þennan sérstaka skatt sem virðist fylgja sjálfstæðinu:

1. Skiptir rammalöggjöf EES-samningsins engu máli fyrir Ísland í þessu tilfalli?
2. Halda þessi lagarök embættismanna Tollstjóra vatni með hliðsjón af nefndri rammalöggjöf?
3. Eru engar kröfur gerðar um samræmi í lögnum:
 - a) Að þau séu í samræmi við markmið EES-samningsins,
 - b) Að samræmi sé í gjaldtöku bæði innanlands (vara keypt í fríhöfn eða gegnum Amazon,)
 - c) Að samræmi sé í gjaldtöku milli landa til að mismuna ekki neytendum (þvinga þá til að eiga viðskipti í einu landi umfram annað)
4. Eru þessi tvísköttunarákvæði ekki dæma- og fordæmalaus í löndum EFTA og ESB?“

Þá rekur kærandi efni 1. gr. EES-samningsins þar sem gerð er grein fyrir markmiðum og meginreglum hans og leggur áherslu í því sambandi á a-lið 2. töluliðar greinarinnar um frjálsa vöruflutninga og e-lið sama töluliðar, er mælir fyrir um að komið skuli á kerfi sem tryggir að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum.

Þá tekur kærandi fram að þar sem honum hafi ekki enn borist svar Neytendastofu skuli hann “sem leikmaður reyna að skýra mín sjónarmið” eins og orðrétt segir í andsvörum hans. Kærandi bendir á að spurningar hans til Neytendastofu feli í sér ákveðið sjónarhorn þjóðarréttar sem samrýmist ekki landsréttarnálgun Tollstjóraembættisins. Síðan segir svo orðrétt:

„Í umsögn embættisins er vísað í hefð rótgróinnar framkvæmdar og að sumt eigi að skilgreina þröngt. Einnig er vísað í lög frá 1988 en lög um EES tóku gildi 1993. Ef ég hef skilið s.k. 'lex posterior' reglu rétt víkja eldri lög fyrir nýrri. Þá þýðir ekki að vísa t.d. í Grágás og Jónsbók. Réttmæti eða 'legitimitet' laga fer eftir því umboði sem lögin hvíla á og þetta umboð er ekki frá 1904, 1918 eða 1944 heldur frá samningnum 1993. Val sjónarhorns og umboðs er ekki frjálst í samfélagi þjóðanna heldur skilyrt af inntaki málefnis og umboði alþjóðasamfélagsins sem í þessu tilefni er afmarkað af markmiðum EES-samningsins. Reglur byggja á lögum og lögin á stjórnarskrá og/eða alþjóðlegum skuldbindingum. Þess vegna þarf fyrst að skoða þessar skuldbindingar áður en lög og reglur eru greind.

Síðan er sagt að álagning vasks taki mið af tollverði sem innihaldi hitt og þetta og geti verið nánast hvað sem er. Þess vegna væri hægt að segja að tollverð væri innkaupsverð sinnum tíu líkt og gert var í einokunarversluninni. Þetta eru geðþóttareglur og rökleysa og varla nokkurs staðar á byggðu bóli boðlegt nema á hjara veraldar.

Einnig er haldið fram að Ísland sé stikkfrítt af tvísköttunarskuldbindingum fyrir vaskinn sem nái aðeins til tekju- og eignaskatts. Þetta stafar væntanlega af því að tvísköttun vasks tíðkast hvergi á EES-svæðinu nema á Íslandi.

Hugmyndin með þessu svæði er auðvitað að sjá til að Íslendingar líkt og aðrir geti notið samkeppni á öllu svæðinu (markmið 2a). Skattlagning stjórnvalda hér hindrar hana (markmið 2e) og viðheldur enn viðhorfum vistarbanda og áttahagafjötra á viðskipti milli landa. Hér er engu líkara en að íslensk stjórnvöld vilji halda kostum EES-samningsins án þess að sleppa tekjustofnum frá árdögum tollamta.

Hver og einn hlýtur að sjá hversu einstakar aðstæður þessarar álagningar eru (seinkun á póstsendingu frá Þýskalandi til Svíþjóðar) og að túlkun Tollstjóra er í engu samræmi við nefnd markmið.”

Andsvörum sínum lýkur kærandi síðan með því að geta þess að svar Neytendastofu hafi dregist.

V

Ágreiningur í máli þessu snýst um túlkun reglna um tollverð samkvæmt tollalögum og innheimtu aðflutningsgjalda við innflutning samkvæmt lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988 í ljósi meginreglna og meginmarkmiða að baki EES-samningsins og lögfestingar hans.

Samkvæmt skýlausu ákvæði 3. gr. tollalaga nr. 88/2005 hvílir almenn tollskylda á hverjum þeim, sem flytur inn vöru til landsins til endursölu, afhendingar án endurgjalds eða eigin nota. Samkvæmt ótvíræðum fyrirmælum í 1. og 36. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988

ber að innheimta virðisaukaskatt af öllum innflutningi með aðflutningsgjöldum. Ákvæði tollalaga og reglugerða settum skv. heimildum í þeim, gilda um álagningu virðisaukaskatts við innflutning að því leyti sem er kveðið á um þessi atriði í áðurnefndum lögum um virðisaukaskatt. Virðisaukaskattur skal innheimtur af tollverði skattskyldrar vöru við innflutning hennar að viðbættum tolli og öðrum gjöldum sem á eru lögð við tollmeðferð sbr. 34. gr. virðisaukaskattslaga.

Álagning virðisaukaskatts byggir á tollverði, sem ákvarðast af viðskiptaverði vöru eða þjónustu samkvæmt framlögðum reikningum, sem fylgja vöru við innflutning hverju sinni að viðbættum aðflutningsgjöldum og öðrum kostnaðarliðum, sbr. 14. og 15. gr. tollalaga. Erlend framleiðslugjöld og söluskattar teljast hluti af viðskiptaverði vöru við ákvörðun tollverðs ef ekki eru lögð fram óbyggjandi gögn um að gjöld þessi hafi verið endurgreidd við útflutning vörunnar. Þá liggur fyrir að íslensk stjórnvöld hafa ekki gert neina samninga við önnur ríki til að forða tvísköttun í tengslum við innheimtu virðisaukaskatts.

Í máli þessu hafa ekki verið lögð fram gögn er sýna fram á að virðisaukaskattur, sem lagður var á vöruna í Þýskalandi, hafi fengist endurgreiddur við útflutning hennar. Hann telst því samkvæmt skýlausum ákvæðum tollalaga og laga um virðisaukaskatt hluti af viðskiptaverði vöru þeirrar, sem um ræðir í þessu máli, og telst því hluti tollverðs vörunar. Þá þykir kærandi hvorki hafa sýnt fram á að skuldbindingar Íslands í samningum um Evrópska efnahagssvæðið né í öðrum þjóðréttarsamningum geti breytt þessari niðurstöðu. Með vísan til þessa og forsendna úrskurðar Tollstjóra nr. 15/2011 að öðru leyti, ber því að staðfesta ákvörðun hans um að synja kröfu um að fella niður virðisaukaskatt af sendingu nr. CC182373945SE. Með vísan til ofanritaðs staðfestir ríkistollanefnd þá ákvörðun Tollstjóra að synja kröfu um niðurfellingu virðisaukaskatts af sendingu nr. CC182373945SE.